

## Ný lög um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkis í héraði

Hinn 22. maí síðastliðin voru birt ný lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkis í héraði sem að meginstefnu til munu taka gildi 1. janúar 2015. Samkvæmt 2. gr. laganna mun landið þá skiptast í níu umdæmi sýslumanna sem eru:

1. Umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.
2. Umdæmi sýslumannsins á Vesturlandi.
3. Umdæmi sýslumannsins á Vestfjörðum.
4. Umdæmi sýslumannsins á Norðurlandi vestra.
5. Umdæmi sýslumannsins á Norðurlandi eystra.
6. Umdæmi sýslumannsins á Austurlandi.
7. Umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi.
8. Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum.
9. Umdæmi sýslumannsins á Suðurnesjum.

Verkefni innanríkisráðherra í kjölfar birtingu hinna nýju laga hvað varðar skipulag hinna nýju embættanna er fyrst og fremst tvíþætt.

Annars vegar að ákveða í reglugerð hver umdæmamörk embættanna verða. Sú ákvörðun skal taka mið af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu í umdæminu og skal hún tekin að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og viðkomandi sýslumenn.

Hins vegar að ákveða í reglugerð hvar aðalskrifstofur sýslumanna skuli staðsettar. Ráðherra ákveður einnig, að höfðu samráði við viðkomandi sýslumann, hvar aðrar sýsluskrifstofur verða starfræktar og hvaða þjónustu þar skuli veita.

Umræðuskjal þetta er sett fram til að gefa umsagnaraðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um ofangreind atriði sem ráðherra ákveður með setningu reglugerðar í kjölfar umsagna..

Þær hugmyndir sem hér eru settar fram eru valkostir til umræðu og skoðanaskipta en ekki endanlegar tillögur. Við mótun umræddra valkosta var leitast við að mæta eftirfarandi sjónarmiðum:

- Að ný umdæmamörk taki mið af samstarfi sveitarfélaga í landshlutasamtökum.
- Að sem minnst röskun verði á skipulagi og starfsemi nýrra sýslumannsembætta.
- Að tryggð verði áframhaldandi öflug þjónusta í hverju umdæmi um sig, allt eftir aðstæðum. Það verði gert með því að tryggja að starfsemi verði áfram þar sem hún er fyrir í dag, þó að breytingar kunni að eiga sér stað á henni.
- Að aðalskrifstofa sýslumannsembættis verði í öðru bæjarfélagi en aðalstöð lögregluembættis. Þannig megi komast hjá röskun í byggðalegu tilliti.

## Umdæmamörk, aðalskrifstofa sýslumanna og aðrar sýsluskrifstofur

Hér eru kynntar hugmyndir/valkostir varðandi umdæmamörk hinna nýju sýslumannsembætta.

Þá eru einnig settar fram hugmyndir um staðsetningu aðalskrifstofa sýslumanna sem og annarra skrifstofa. Ráðuneytið setur fram eftirfarandi skilgreiningu varðandi skrifstofur sýslumanns:

1. Aðalskrifstofa sýslumanns er aðsetur hans. Þar er veitt öll sú þjónusta sem sýslumönnum ber að veita samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.
2. Á sýsluskrifstofu er veitt sama þjónusta og á aðalskrifstofu sýslumanns.
3. Á sýsluskrifstofu með takmarkaðri þjónustu er veitt takmarkaðri þjónusta en á sýsluskrifstofu. Takmörkunin getur t.d. falist í styttri afgreiðslutíma eða að þar séu unnin störf sem ekki krefjast viðveru löglærðs fulltrúa. Afgreiðslutími, nánara skipulag og verkefni fara eftir því sem sýslumaður ákveður.

Hér á eftir er nánar gerð grein fyrir hugmyndum að fyrirkomulagi í hverju umdæmi um sig.

#### ***Umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu***

Sveitarfélög: Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjósarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær og Kópavogsbær.

Aðalskrifstofa: Höfuðborgarsvæðið.

Sýsluskrifstofur: Höfuðborgarsvæðið.

#### ***Umdæmi sýslumannsins á Vesturlandi:***

Sveitarfélög: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Snæfellsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær og Dalabyggð.

Aðalskrifstofa: Stykkishólmur.

Sýsluskrifstofur: Akranes, Borgarnes.

Sýsluskrifstofur með takmarkaðri þjónustu: Ólafsvík, Búðardalur.

#### ***Umdæmi sýslumannsins á Vestfjörðum***

Sveitarfélög: Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.

Aðalskrifstofa: Bolungarvík.

Sýsluskrifstofur: Ísafjörður, Patreksfjörður, Hólmavík.

#### ***Umdæmi sýslumannsins á Norðurlandi vestra***

Sveitarfélög: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.

Aðalskrifstofa: Blönduós.

Sýsluskrifstofa: Sauðárkrókur.

#### ***Umdæmi sýslumannsins á Norðurlandi eystra***

Sveitarfélög: Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.

Aðalskrifstofa: Húsavík.  
Sýsluskrifstofur: Akureyri, Siglufjörður.  
Sýsluskrifstofa með takmarkaðri þjónustu: Dalvík.

#### *Umdæmi sýslumannsins á Austurlandi*

Sveitarfélög: Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.  
Aðalskrifstofa: Seyðisfjörður.  
Sýsluskrifstofur: Egilsstaðir, Eskifjörður.  
Sýsluskrifstofa með takmarkaðri þjónustu: Vopnafjörður.

#### *Umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi*

Sveitarfélög: Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus.  
Aðalskrifstofa: Selfoss.  
Sýsluskrifstofur: Höfn, Hvolsvöllur, Vík.

#### *Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum*

Sveitarfélag: Vestmannaeyjabær.  
Aðalskrifstofa: Vestmannaeyjabær.

#### *Umdæmi sýslumannsins á Suðurnesjum*

Sveitarfélög: Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar.  
Aðalskrifstofa: Reykjanesbær.  
Sýsluskrifstofa með takmarkaðri þjónustu: Grindavík.

## **Umsagnir og önnur atriði í undirbúningi**

Samhliða þessu skjali er sett fram sambærilegt umræðuskjal varðandi ný umdæmi lögreglustjóra.

**Ráðuneytið óskar eftir umsögnum og sjónarmiðum Sambands íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtaka sveitarfélaga og viðkomandi sýslumanna um framangreindar hugmyndir**, en auk þess er einstökum sveitarfélögum og öðrum þeim sem áhuga hafa á boðið að senda inn umsagnir.

Með sameiningu sýslumannsembætta verða að mati ráðuneytisins til öflugri þjónustustofnanir sem standa betur að vígi til þess að sinna hlutverki sínu og taka við auknum verkefnum. Því er mikilvægt að náíð og gott samráð sé viðhaft við innleiðingu hinna nýju laga. Við útgáfu reglugerðar verða innkomnar umsagnir hafðar til hliðsjónar í samræmi við fyrirmæli í 2. gr. laganna.

Ráðuneytið vill geta þess að samhliða þessum undirbúningi verða nýir sýslumenn skipaðir í embætti í samræmi við ákvæði 1 til bráðabirgða við lögin. Að því loknu taka nýskipaðir sýslumenn við mótun skipulags og reksturs nýrra embætta. Meðal verkefna þeirra verður að bjóða öllum starfsmönnum þeirra embætta sem lögð verða niður störf ýmist hjá hinum nýju embættum sýslumanna eða

lögregluembættum, sbr. bráðabirgðaákvæði II við lögin. Reynist ekki unnt að bjóða núverandi starfsmanni starf við ný embætti sýslumanna eða lögreglu skal leitast við að bjóða honum starf annars staðar á umsýslusviði innanríkisráðuneytisins.

Að endingu vill ráðuneytið geta þess að í undirbúningi er skipan verkefnisstjórnar í samræmi við fyrirmæli III. bráðabirgðaákvæðis laganna. Þar er kveðið á um að semja skuli aðgerðaáætlun fyrir Stjórnarráðið þar sem afmörkuð skulu þau stjórnarsýsluverkefni ráðuneyta og undirstofnana þeirra sem talið er ákjósanlegt að flutt verði til embætta sýslumanna. Skal aðgerðaáætlun um flutning tilgreindra verkefna liggja fyrir ekki síðar en 1. janúar 2015. Ráðuneytið vill nota tækifærið og óska eftir ábendingum frá umsagnaraðilum um verkefni sem kynnu að vera heppileg að þeirra mati í þessu sambandi.

Koma má umsögnum og ábendingum á framfæri á eftirfarandi tölvupóstfang fyrir 1. júlí 2014:  
[postur@irr.is](mailto:postur@irr.is)

Þá er hægt að leita til Hermanns Sæmundssonar, skrifstofustjóra, eða Ólafs Kr. Hjörleifssonar, lögfræðings, vanti nánari upplýsingar um verkefni þetta, í síma 545 9000.